

Tillaga til bæjarráðs

Tillögu flytjandi: Bæjarfulltrúar D lista

Efni: Tillaga D lista um garðslátt fyrir eldri borgara og öryrkja.

Dags: 19. maí 2023

Málsnúmer: 202305723/14.0

Tillaga:

Lagt er til að Mosfellsbær auki þjónustu við eldri borgara og öryrkja í Mosfellsbæ í garðslætti á gördum við heimahús þeirra í Mosfellsbæ.

Lagt er til að fræðsluvið útfæri tilhögun þessara þjónustu og hún verði auglýst sem fyrst til upplýsingar fyrir þessa íbúa bæjarins.

Greinargerð:

Margir eldri borgarar og öryrkjar í Mosfellsbæ sem búa í sérbyli eiga eftir með að slá garða við hús sín.

Eldri borgara og öryrkjar í Mosfellsbæ hafa getað sótt um garðslátt tvisvar sinnum á hverju sumri hingað til en lagt er til að sú tíðni verði aukin og ekki verði takmörk á því hversu oft er hægt að sækja um þessa þjónustu.

Lagt er til að sá hluti af starfsfólki vinnuskólans sem hefur sinnt þessum verkefnum verði stækkaður og skipulag verði stýrt af fræðsluviði.

Tíðni þjónustunnar fer eftir eftirspurn og mannskap sem hægt verður að setja í verkefnið og reiknað er með að garðeigendur skaffi tæki til garðsláttar og poka/ílát undir grasið.

Verði fyrir þjónustuna verði áfram stillt í hof eins og gert er í dag.

Mikil þörf er á aukinni þjónustu sem þessari og er þetta verkefni mjög jákvætt og þarft.

Unga fólkið okkar í vinnuskólanum fær vinnu við skemmtilegt og þarft verkefni og kemst í tengingu við eldri íbúa bæjarins og mun samvinna vinnuskóla krakka og íbúa tengja saman kynslóðir og mynda jákvæð og góð tengsl.

Þetta fyrirkomulag er við lýði í nokkrum sveitarfélögum og hefur reynsla af því verið mjög jákvæð.